



BYGGÐASTOFNUN

Ákvörðun Á-14/2023

**Um breytingar á útnefningu Íslandspósts ohf. sem
alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu sbr. ákvörðun PFS
nr. 13/2020**

1. MÁLSMEÐFERÐ

(1) Með ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) nr. 13/2020 var Íslandspóstur ohf. (ÍSP) útnefndur til að veita alþjónustu á sviði póstþjónustu um land allt.¹ Í ákvörðuninni er umfang alþjónustu á sviði póstþjónustu afmarkað með hliðsjón af lögum nr. 98/2019 um póstþjónustu.²

(2) Byggðastofnun hefur borist erindi frá ÍSP dags. 18. ágúst 2023 þar sem farið er fram á að stofnunin endurskoði útnefningu fyrirtækisins sem alþjónustuveitanda í ljósi breyttra forsendna og þróunar á póstmarkaði síðan 2020. Byggðastofnun fundaði í kjölfarið með fulltrúum ÍSP þ. 22. ágúst 2023 auk þess sem fundað var með starfsmönnum ráðuneyta fjármála og innviða í byrjun október.

(3) Byggðastofnun hafði einnig átt fundi og samtal við ÍSP fyrr um sumarið um mögulegar breytingar á útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda.

¹ Finna má ákvörðun PFS 13/2020 á heimasíðu Byggðastofnunar

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Postmal/Akvardanir/2020/akv_pfs_nr_13_2020_utnefning_islandsposts_ohf_sem_althjorustuveitanda-copy-1-.pdf

² <https://www.althingi.is/lagas/153c/2019098.html>

2. UM BREYTINGAR Á ÚTNEFNINGU ALPJÓNUSTUVEITANDA

(4) Í ákvörðun PFS nr. 13/2020 er fjallað um hvernig unnt er að breyta fyrirkomulagi og skilyrðum útnefningar. Í ákvörðuninni segir á bls. 35:

(199) *Í athugasemdum ÍSP er vikið að nauðsyn árlegrar endurskoðunar, t.d. á skiptingu í virk og óvirk markaðssvæði. Bendir fyrirtækið í því samhengi á fjölgun heimila og stöðugs samdráttar í bréfasendingum á undanförnum árum.*

(200) *PFS tekur undir með ÍSP um nauðsyn árlegs endurmats og að fjölgun heimila og fækkun bréfasendinga séu breytur sem vandlega þarf að fylgjast með. Mögulegar breytingar á lögum og reglugerðum gætu einnig orðið þess valdandi að endurmeta þyrfti virk og óvirk markaðssvæði, t.d. ef breytingar verða gerðar á tíðni dreifingar eða reglum sem gilda um afhendingu á póstsendingum. Sá almenni fyrirvari verður því gerður við ákvörðun um lengd útnefningarinnar að hægt verði að breyta einstökum skyldum og réttindum ÍSP, sem kveðið er á um í ákvörðunarorðum, ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa verið gerðar á gildandi lagaumhverfi. Í kafla 2.15. um lengd útnefningar er kveðið á um að fyrir 1. september ár hvert hvort ástæða sé til að gera breytingar á einstökum atriðum útnefningarinnar vegna komandi árs.*

(5) Í kafla 2.15 um lengd útnefningar segir:

(139) *Gildistími útnefningarinnar verður því eftirfarandi:*

*Útnefning Íslandspósts ohf. skal gilda frá og með 1. janúar 2021 til og með 31. desember 2030. Ef ráðherra ákveður að endurskoða ákvörðun sína um að val á alþjónustuveitanda fari eftir útnefningarleiðinni, t.d. við umtalsverða breytingu á markaðsaðstæðum. Getur Póst- og fjarþiptastofnun afturkallað útnefninguna með 12 mánaða fyrirvara eða styrti tíma samkvæmt samkomulagi við Íslandspóst ohf. **Heimilt er á útnefningartímabilinu, að gera breytingar á ákvæðum útnefningarinnar ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa orðið á lögum eða reglugerðum sem áhrif hafa á einstök atriði. Kanna skal fyrir 1. september ár hvert hvort ástæða sé til að gera breytingar vegna komandi árs***

(6) Af þessu má vera ljóst að heimilt er að gera breytingar á ákvæðum útnefningar ef forsendur hafa breyst verulega eða breytingar hafa orðið á lögum eða reglugerðum sem áhrif hafa á einstök atriði, að því gefnu að könnun á þeim atriðum hafi verið sett af stað fyrir 1. september árinu áður en breytingum er ætlað að taka gildi.

(7) Eins og rakið er í kafla um málsmæferð barst formlegt erindi ÍSP í ágúst 2023 og fundað var með fyrirtækinu þ. 22. ágúst 2023 þar sem fundarefnið var könnun ákvæða útnefningar. Ljóst er því að skilyrði

ákvörðunar PFS nr. 13/2020 eru uppfyllt og heimilt að breyta ákvæðum útnefningar ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu, meti Byggðastofnun það svo að þörf sé á breytingum.

3. BEIÐNI ÍSLANDSPÓSTS

(8) Með bréfi dagsettu 18. ágúst 2023 fór ÍSP fram á að ákveðnar breytingar yrðu gerðar á útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu. Í bréfinu eru rakin skilyrði og ákvæði útnefningar félagsins í ákvörðun PFS nr. 13/2020 og þróun á póstmarkaði sem orðið hefur síðan.

(9) Í erindinu kemur m.a. fram að ÍSP hafi verið útnefndur landfræðilega alþjónustuveitandi á sviði póstþjónustu um land allt. Einnig hafi verið kveðið á um að fyrirtækini væri skyld að veita þjónustu að því er varðar allar þær þjónustutegundir sem féllu undir alþjónustu.

(10) Útnefning ÍSP sem alþjónustuveitanda hafi verið í fullu samræmi við 9. gr. laga um póstþjónustu og hún nái til eftirtalda þjónustutegunda sem þar eru m.a. taldar upp:

- Bréfum upp að 2 kg. (Letter single piece)
- Magnpóstur upp að 50 gr. (Bulk letters)
- Pökkum upp að 10 kg. (innanlands)
- Pökkum upp að 20 kg. (til og frá landinu)
- Ábyrgðarsendingum (Registered items)
- Tryggðum sendingum (insured items)
- Blindrasendingum upp að 2 kg.

(11) Í erindi félagsins er rakið að samhliða útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda á landinu öllu hafi landinu jafnframt verið einnig skipt í virk og óvirk markaðssvæði eftir póstnúmerum. Í köflum 2.5 – 2.8 í ákvörðun PFS nr. 13/2020 hafi verið að finna umfjöllun um þær forsendur sem stuðst var við af hálfu stofnunarinnar, sbr. einnig viðauki I og II með ákvörðuninni.

(12) Ekki þykir ástæða til að rekja þær forsendur frekar hér en niðurstaðan var sú að það var mat PFS á árinu 2020 að um 15% heimila og fyrirtækja væru á svokölluðum óvirkum markaðssvæðum á landinu. Í viðauka II um óvirk markaðssvæði kom fram að þau póstnúmer sem þar væru tiltekin skyldu vera grundvöllur útreikninga ÍSP um hreinan kostnað vegna alþjónustuskyldna sem lagðar eru á félagið.

(13) Svo segir í erindinu:

„Taldi stofnunin að án alþjónustuskyldu myndi fyrirtækið hætta útburði í þeim póstnúmerum sem þar eru talin upp eða t.d. setja upp miðlæga afhendingarstaði þar sem móttakendur póstsendinga myndu nálgast sínar sendingar sjálfir“

(14) Nánar er vikið að kostnaði vegna alþjónustu og ÍSP vísar til umfjöllunar PFS um alþjónustubyrði í ákvörðun sinni nr. 13/2020 þar sem segir m.a.:

(15) Um alþjónustubyrði er að ræða þegar álagning alþjónustukvaða á póstrekkanda um að veita tilteknum notendum póstþjónustu eða veita hana á tilteknum svæðum leiðir til taps sem ekki myndi skapast ef almenn viðskiptasjónarmið yrðu lögð til grundvallar.

(15) Um sjálfstætt mat væri að ræða sem gert væri fyrir utan kostnaðarbókhald viðkomandi alþjónustuveitanda og að ekki væri sjálfgefið að allur bókfærður kostnaður innan alþjónustu væri til kominn vegna þeirrar skyldu sem lögð væri á alþjónustuveitanda.

(16) Í umsóknum félagsins um endurgjald fyrir alþjónustu hafi verið gerð sérstaklega grein fyrir kostnaði félagsins eftir svæðum, sem og eftir þjónustutegundum, sbr. til hliðsjónar heimild 2. mgr. 11. gr. laga um póstþjónustu um afmörkun skyldu til veitingar alþjónustu við tiltekna landshluta, póstnúmer og/eða tiltekna þætti póstþjónustu.

(17) Fyrri hluti beiðnar félagsins lýtur að breytingu á skilgreiningu á virkum og óvirkum markaðssvæðum vegna dreifingar á almennum bréfum upp að 2 kg. og magnþósti.

(18) Nánar tiltekið yrðu breytingarnar á þá leið að þau póstnúmer sem talin eru upp undir liðunum A-2 Reykjanesið og A-3 Þéttbýlisstaðir myndu færast úr viðauka I og yfir í viðauka II.

(19) Þessi breyting myndi leiða til þess að í stað þess að endurgjald fyrir veitta þjónustu í þessum þjónustuflokkum á árinu 2024 miðist við óvirk markaðssvæði á svæðum 3 og 4 þá myndi endurgjald miðast við hreinan kostnað af veittri þjónustu á svæðum 2, 3 og 4.

(20) Seinni hluti beiðnar félagsins lýtur að nýrri landfræðilegri afmörkun á alþjónustu í tengslum við dreifingu á pökkum undir 10 kg. innanlands þannig að kvöð um veitingu alþjónustu vegna þessa þjónustupáttar nái einungis til svæðis 4 eins og það er skilgreint í ákvörðun PFS 13/2020 og viðauka II. ÍSP var útnefndur alþjónustuveitandi um land allt en breytingin myndi afmarka þjónustu vegna pakka að 10 kg. við svæði 4 ef beiðnin nær fram að ganga.

(21) Breytingin hefði í för með sér að samhliða myndi falla niður útnefning félagsins vegna dreifingar á innlendum pökkum (að 10 kg.) sem hefur verið í gildi og útreikningur endurgjalds vegna veittrar þjónustu myndi miðast við hreinan kostnað á núverandi svæði 4.

(22) ÍSP tekur fram í beiðni sinni að engar breytingar yrðu gerðar á öðrum kröfum sem hvíla á félagini, s.s. skyldu til að veita notendum aðgang að afgreiðslustað og póstkössum, í samræmi við reglur nr.

504/2003, sbr. lög um póstþjónustu, þjónustu í tengslum við dreifingu á blindrasendingum eða skyldu fyrirtækisins til að standa við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands á sviði póstþjónustu.

(23) Í rökstuðningi ÍSP vegna breytinga á útnefningu að því er varðar bréf upp að 2 kg. innan alþjónustu segir m.a. að frá því að félagið hafi verið útnefnt sem alþjónustuveitandi hafi bréfum haldið áfram að fækka og að áætlanir félagsins geri ráð fyrir að fjöldi innanlandsbréfa verði um [...] milljónir á árinu 2024.

(24) Gangi það eftir þýði það 56% fækkuð bréfa frá 1. janúar 2020 þegar núverandi fyrirkomulag alþjónustu tók gildi með lögum nr. 98/2019. Þrátt fyrir hækkuð gjaldskráa bréfapósts á þessum tíma, fækkuð starfsmanna, breytingar á fyrirkomulagi afgreiðslustöðva sem og margvíslegar hagræðingar tengdar vinnslu bréfa hefur ÍSP ekki náð að halda í við þann tekjusamdrátt sem fækkuðin hefur valdið

(25) Afleiðing þessa sé tap á dreifingu bréfa á svæði sem hingað til hefur verið skilgreint sem virkt markaðssvæði með tilliti til bréfadreifingar. ÍSP hafi borið þann kostnað hingað til en telur óhjákvæmilegt að skilgreiningum á virkum og óvirkum markaðssvæðum verði breytt að því er varðar dreifingu á bréfum innan alþjónustu.

(26) Í þessu samhengi sé rétt að benda á 12. tl. ákvörðunarorða útnefningar félagsins í ákvörðun PFS nr. 13/2020 þar sem fjallað er um eftirlit með fjárhagsstöðu ÍSP. Án aðgerða opinberra aðila að því er varðar dreifingu á almennum bréfum er líklegt að óbreytt útnefning með tilliti til bréfadreifingar geti haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu félagsins til framtíðar.

(27) Varðandi beiðni um breytingu á landfræðilegri afmörkun útnefningar alþjónustuveitanda að því er varðar pakka innanlands að 10 kg. kemur fram í rökstuðningi ÍSP að samkeppni hafi aukist mikið á þessum markaði síðastliðin ár og því sé ekki lengur þörf á því að skylda einhvern einn aðila til þess að sinna þjónustu sem margir kjósa að gera nú þegar á viðskiptalegum forsendum.

(28) Í beiðni ÍSP er einnig fjallað um fyrirkomulag greiðslna ríkissjóð vegna alþjónustu. Þar segir að frá útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda hafi greiðslur borist árið eftir að þjónusta var veitt af hendi. Þetta hefur þýtt að félagið þurfi að fjármagna þjónustuna sjálft að verulegu leyti með töluverðum fjármagnskostnaði.

(29) Í tengslum við þetta telur ÍSP rétt að minna á málsgreinar 205-210 í kafla 3.7.2 í ákvörðun PFS nr. 13/2020 um útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda en þar segir:

(205) Miðað við þær upplýsingar sem liggja nú fyrir, sem og þá þróun sem er á markaðnum í dag, t.d. fækkuð bréfa er líklegt að sú þjónustuskylda sem lögð er á ÍSP með ákvörðun þessari muni áfram vera byrði á félagini sem skylt er að bæta, sbr. 12. gr. laga um póstþjónustu.

(206) Nauðsynlegt er því, að mati PFS, að setja viðmið varðandi greiðslutilhögun framlags ríkisins til næstu ára, sbr. 3. mgr. 22. gr. reglugerðar um alþjónustu.

(207) Að áliti PFS er æskilegast, ef mögulegt er, að greiðsla fyrir alþjónustu komi frá ríkinu á því ári sem þjónustan er veitt. Fyrirtækið hefur hreinan kostnað af alþjónustu í dag og ólíklegt er að það muni breytast miðað við núverandi aðstæður. Í því ljósi er m.a. eðlilegt að fyrirtækið fái greitt jafnóðum fyrir þá þjónustu sem fyrirtækið veitir, að kröfu ríkisins.

(208) Með hliðsjón af ofangreindu mun PFS beina því til ríkisins, að það greiði jafnóðum fyrir veitta þjónustu innan alþjónustu á árinu 2021, annað hvort með eingreiðslu eða mánaðarlegum greiðslum. Um fyrirframgreiðslu væri þá að ræða sem tæki mið af lokauppgjöri ársins á undan.

(209) Með ofangreindu fyrirkomulagi telur PFS einnig, að hagsmunir almennings, að því er varðar aðgang að alþjónustu séu best tryggðir, sbr. a. liður 4. töl. 3 gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2002, sbr. einnig 9. og 11. gr. laga um póstþjónustu.

(210) Jafnframt myndi fyrirkomulagið tryggja betur fjárhagsstöðu ÍSP, sbr. 4. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun og 22. gr. laga um póstþjónustu. Um leið yrði geta fyrirtækisins til að sinna alþjónustu betur tryggð.

(30) Byggðastofnun getur staðfest að unnið er að breytingu greiðslufyrirkomulags með viðkomandi ráðuneytum. Jafnframt er unnið að breytingu á reglugerð um alþjónustu þannig að sækja megi um framlag með hliðsjón af áætluðum kostnaði.

4. NIÐURSTAÐA BYGGÐASTOFNUNAR

(31) Eins og greint er frá áður hófst samtal Byggðastofnunar og ÍSP um mögulegar breytingar á útnefningu félagsins í byrjun sumars og ljóst að skilyrði eru uppfyllt fyrir því að breyta ákvæðum útnefningar ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu eins og rakið er í kafla 2.

4.1 UM BREYTINGAR Á SKILGREININGU Á VIRKUM OG ÓVIRKUM MARKAÐSSVÆÐUM AÐ ÞVÍ ER VARÐAR DREIFINGU BRÉFA

(32) ÍSP hefur í beiðni sinni sýnt fram á gríðarlega fækkan á fjölda bréfa í dreifingu innanlands á undanförnum árum. Sama þróun er greinanleg víða um heim í kjölfar tækniframfara og breytinga á samskiptum fólks á rafrænan máta í stað hefðbundinna bréfasendinga.³

³ Sjá hér t.d. grein PolicyWatch DK: <https://policywatch.dk/nyheder/virksomheder/article14117788.ece>
Bréfamagn í Danmörku hefur minnkað um 90% frá aldamótum (Trafikstyrelsen.dk)

(33) Þessi fækkun eininga innan kerfisins hefur óhjákvæmilega í för með sér aukinn kostnað á hverja einingu, ekki síst þar sem enn er gert ráð fyrir að bréfapóstur sé borinn út til fólks og fyrirtækja að minnsta kosti tvisvar í viku, sbr. 3. tl. 2. mgr. 9. gr. laga um póstþjónustu.

(34) Fækkunin hefur leitt til þess að tap á dreifingu bréfapósts hefur aukist og er nú svo komið að ekki verður séð að hún standi undir sér á viðskiptalegum forsendum nema á svæði 1, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu.

(35) Í ákvörðun PFS nr. 13/2020 var landinu skipt í virk og óvirk markaðssvæði með tilliti til þess að alþjónustuveitandi myndi sinna þjónustu á þeim markaðssvæðum sem metin yrðu virk án sérstakrar kvaðar þar að lútandi, á viðskiptalegum forsendum.

(36) Fækkun bréfa hefur þó orðið til þess að dreifing þeirra á þeim svæðum sem greind eru í beiðni ÍSP er orðin mjög óhagkvæm og ekki forsvaranlegt að sinna þeirri þjónustu á viðskiptalegum forsendum eins og nánar greinir í beiðni félagsins. Sýnt hefur verið fram á óhagkvæmni bréfadreifingar með tölu um rekstrarbókhaldi félagsins.

(37) Samkeppni á Íslandi á sviði dreifingar bréfapósts er hverfandi. Í kjölfar afnáms einkaréttar ÍSP á dreifingu bréfa 1. janúar 2020 var opnað á að aðrir markaðsaðilar sinntu þessum þjónustulið en viðbrögðin hafa engin orðið. Einfaldasta skýringin er sú að væntur ágóði af starfseminni sé ekki til staðar og ekki hagkvæmt að byggja upp starfsemi í kringum þessa þjónustu.

(38) Byggðastofnun tekur undir með ÍSP að fækkun bréfa í dreifingu hefur verið gríðarleg undanfarin ár og ekki sjái fyrir endann á þeirri þróun. Ekki eru efni til að hnekkja því mati félagsins að sú fækkun hafi haft í för með sér breytingar á afkomu þess þannig að dreifing bréfapósts á markaðssvæðum sem metin voru virk í ákvörðun PFS nr. 13/2020 sé nú orðin með þeim hætti að þeim verði ekki lengur sinnt á viðskiptalegum forsendum.

(39) Með vísan til þessa fellst Byggðastofnun á beiðni félagsins um að breyta skilgreiningu á virkum og óvirkum markaðssvæðum með tilliti til dreifingar bréfa eins og nánar greinir í ákvörðunarorðum og viðauka 1/2023 sem fylgir ákvörðun þessari.

4.2 UM BREYTINGU Á LANDFRÆÐILEGRI AFMÖRKUN ÚTNEFNINGAR ALÞJÓNUSTUVEITANDA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR PAKKA INNANLANDS AÐ 10 KG.

(40) Í rökstuðningi ÍSP varðandi beiðni um breytingu á landfræðilegri afmörkun útnefningar alþjónustuveitanda að því er varðar pakka innanlands að 10 kg. kemur fram að samkeppni hafi aukist

gríðarlega á þessum markaði síðastliðin ár og því sé ekki lengur þörf á því að skylda einhvern einn aðila til þess að sinna þjónustu sem margir kjósa að gera nú þegar á viðskiptalegum forsendum.

(41) Í beiðninni eru talin upp nokkur fyrirtæki sem eru skráðir póstrekendur og sinna þessum þjónustubætti. Fleiri fyrirtæki sinna dreifingu pakka innanlands, ýmist sem hraðsendingum eða á grundvelli laga um farmflutninga á landi.

(42) Um þessa dreifingaraðila er m.a. fjallað í skýrslu starfshóps þáverandi samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra frá 10. janúar 2022 þar sem segir⁴:

Vissulega er starfsemi þessara fyrirtækja oft með öðrum hætti en alþjónustuveitanda. Þó eru óvirk svæði þar sem einkafyrirtæki dreifa þökkum heim að dyrum. Þá eru þetta einkafyrirtæki sem sjá hag sinn í því að dreifa blöðum, fjölpósti og þökkum á svæðum sem teljast óvirk markaðssvæði samkvæmt fyrrnefndum skilgreiningum. Þessi fyrirtæki kjósa að stunda þennan rekstur án nokkurrar aðkomu hins opinbera. Af þessu má draga tvær ályktanir:

1. *Ef skilgreining alþjónustu yrði rýmkuð þannig að hún næði til þjónustu þessara fyrirtækja (til dæmis í dreifingu pakka) er samkeppni til staðar og þar með augljós markaðsgrundvöllur. Þar með ætti sambærileg þjónusta alþjónustuveitanda ekki að bera alþjónustubyrði.*
2. *Ef flutningsfyrirtæki sem eru á þessum svæðum hafa vaxandi stærðarhagkvæmni gætu þau haft áhuga á að taka að sér (hluta) alþjónustunnar og mögulega með lægri kostnaði en núverandi alþjónustuveitandi, að því gefnu að þjónustustig alþjónustunnar sé ekki þeim mun kostnaðarsamara.*

(43) Byggðastofnun telur að dreifing pakka innanlands, allt að 10 kg. að þyngd sé sað þjónustubáttur alþjónustu þar sem mest samkeppni ríkir og varlega áætlað séu um 20 fyrirtæki sem sinni einhverskonar afgreiðslu og/eða afhendingu slíkra pakkasendinga um mestallit landið alla daga vikunnar.

(44) Í alþjónustu felst að öllum notendum sé tryggð lágmarksþjónusta sem uppfyllir gæðakröfur og sé á viðráðanlegu verði, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga um póstþjónustu. Byggðastofnun telur að þó samkeppni ríki vissulega í dreifingu pakka að 10 kg. um mest allt landið verði þó að telja að hún nái ekki til dreifðustu byggða og sveita með sama hætti. Því sé enn mikilvægt að þjónustan sé tryggð á þeim svæðum, þ.e. svæði 4 skv viðauka II í ákvörðun PFS nr. 13/2020.

⁴ Sjá nánar hér: [Skýrsla starfshóps](#)

(45) Beiðni ÍSP er í samræmi við þetta álit Byggðastofnunar. Ekki er lengur þörf á því að skylda félagið eða nokkurn annan til að sinna dreifingu pakka að 10 kg. á svæðum 1, 2 og 3 sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020 þar sem henni er nú þegar sinnt á markaðslegum forsendum.

(46) Byggðastofnun samþykkir því beiðni ÍSP hvað varðar breytingu á landfræðilegri afmörkun útnefningar alþjónustuveitanda að því er varðar dreifingu pakka innanlands að 10 kg. eins og nánar greinir í ákvörðunarorðum og viðauka 2/2023 sem fylgir ákvörðun þessari.

(47) Breytingarnar taka gildi 1. janúar 2024. Önnur ákvæði um útnefningu ÍSP sem alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu samkvæmt ákvörðun PFS nr. 13/2020 skulu haldast óbreytt.

(48)

ÁKVÖRDUNARORD

1. **Byggðastofnun samþykkir að gera eftirfarandi breytingar á útnefningu Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020:**

a. *Eftirfarandi breyting verður að því er varðar skilgreiningu á virkum og óvirkum markaðssvæðum með tilliti til dreifingar á bréfum 0-2000 g. og magnþósti:*

Þau póstnúmer sem talin eru upp undir liðunum A-2 Reykjanesið og A-3 Péttbýlisstaðir færast úr viðauka I og yfir í viðauka II., sjá nánar viðauka 1/2023 sem fylgir ákvörðun þessari.

b. *Eftirfarandi breyting verður að því er varðar landfræðilega afmörkun útnefningar alþjónustuveitanda með tilliti til dreifingar á pökkum innanlands 0-10 kg.:*

Kvöð um veitingu alþjónustu vegna þessa þjónustubáttar skal einungis ná til svæðis 4 eins og það er skilgreint í ákvörðun PFS 13/2020 og viðauka II, sjá nánar í viðauka 2/2023 sem fylgir ákvörðun þessari. Jafnframt fellur niður útnefning ÍSP vegna dreifingar á innlendum pökkum (að 10 kg.) sem hefur verið í gildi á

svæðum 1-3 og útreikningur endurgjalds vegna veitrar þjónustu félagsins miðast einungis við hreinan kostnað þessa þjónustuþáttar á óvirku markaðssvæði (núverandi svæði 4), sbr. viðauka 2/2023 sem fylgir ákvörðun þessari.

Breytingarnar skulu taka gildi 1. janúar 2024 en útnefning Íslandspósts ohf. sem alþjónustuveitanda á sviði póstþjónustu skal að öðru leyti vera óbreytt sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020

2. Ákvörðun þessi er kæranleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 42. gr. laga nr. 98/2019. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Byggðastofnunar. Um meðferð kæru vegna ákvarðana Byggðastofnunar skulu gilda sömu málsmeðferðarreglur og kveðið er á um í 20. gr. laga nr. 75/2021 um Fjarskiptastofu auk ákvæða reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/2021 getur aðili einnig borið ákvörðun Byggðastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Sauðarkrókur 26. október 2023



Hjalti Árnason



Arnar Már Elíasson

Viðauki 1/2023

Almenn bréf

Virk markaðssvæði

A-1

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
101	Reykjavík	7,441	1,539	8,980
102	Reykjavík	1,201	104	1,305
103	Reykjavík	1,383	164	1,547
104	Reykjavík	4,009	519	4,528
105	Reykjavík	7,992	802	8,794
107	Reykjavík	3,952	58	4,010
108	Reykjavík	5,007	881	5,888
109	Reykjavík	4,141	143	4,284
110	Reykjavík	4,563	938	5,501
111	Reykjavík	3,718	89	3,807
112	Reykjavík	6,160	274	6,434
113	Reykjavík	2,829	106	2,935
170	Seltjarnarnesi	1,708	97	1,805
200	Kópavogi	6,897	866	7,763
201	Kópavogi	3,914	550	4,464
203	Kópavogi	2,949	217	3,166
210	Garðabæ	5,185	479	5,664
220	Hafnarfirði	6,392	1,357	7,749
221	Hafnarfirði	3,719	753	4,472
225	Garðabær (Álftanes)	772	26	798
270	Mosfellsbæ	3,701	391	4,092
		87,633	10,353	97,986

Óvirk markaðssvæði

A-2

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
230	Reykjanesbæ	3,151	755	3,906
233	Reykjanesbæ	41	28	69
235	Keflavíkurflugvöllur	0	63	63
240	Grindavík	1,019	257	1,276
260	Reykjanesbæ	2,431	357	2,788
262	Reykjanesbæ	1,376	387	1,763
		8,018	1,847	9,865

A-3

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
300	Akranes	2,657	358	3,015
310	Borgarnes	738	95	833
400	Ísafjörður	1,080	200	1,280
550	Sauðárkrúkur	976	156	1,132
600	Akureyri	4,888	266	5,154
603	Akureyri	2,941	140	3,081
640	Húsavík	909	102	1,011
700	Egilsstaðir	1,118	121	1,239
800	Selfoss	3,077	545	3,622
810	Hveragerði	850	141	991
900	Vestmannaeyjar	1,604	85	1,689
		20,838	2,209	23,047

A-4-a

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
801	Selfoss	110	90	200
803	Selfoss	292	241	533
804	Selfoss	254	203	457
805	Selfoss	145	136	281
816	Ölfus	153	40	193
820	Eyrarbakki	190	16	206
825	Stokkseyri	171	10	181
840	Laugarvatn	71	40	111
845	Flúðir	171	20	191
846	Flúðir	122	15	137
850	Hella	315	39	354
851	Hella	341	38	379
860	Hvolsvöllur	403	37	440
861	Hvolsvöllur	280	25	305
		3,018	950	3,968

A-4-b

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
311	Borgarnes	374	45	419
		374	45	419

A-4-c

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
601	Akureyri	6	2	8
604	Akureyri	177	16	193

605	Akureyri	369	72	441
606	Akureyri	136	19	155
607	Akureyri	44	7	51
		732	116	848

A-4-d

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
540	Blönduós	327	30	357
541	Blönduós	153	6	159
545	Skagaströnd	177	10	187
546	Skagaströnd	19	1	20
551	Sauðárkrúkur	177	30	207
560	Varmahlíð	45	7	52
561	Varmahlíð	193	28	221
565	Hofsós	58	13	71
566	Hofsós	35	10	45
		1,184	135	1,319

B-1

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
190	Vogum	385	66	451
245	Sandgerði	559	126	685
250	Garði	519	78	597
340	Stykkishólmur	494	48	542
350	Grundarfjörður	314	29	343
355	Ólafsvík	344	28	372
360	Hellissandur	180	18	198
370	Búðardalur	106	28	134
410	Hnífsdalur	77	4	81
415	Bolungarvík	305	21	326
420	Súðavík	63	15	78
421	Súðavík	3	0	3
425	Flateyri	73	2	75
430	Suðureyri	90	3	93
450	Patreksfjörður	263	35	298
460	Tálknafjörður	97	28	125
465	Bíldudalur	87	18	105
470	Þingeyri	105	7	112
510	Hólmasvík	130	32	162
530	Hvammstangi	233	26	259
580	Siglufjörður	543	62	605
610	Grenivík	98	95	193
620	Dalvík	480	34	514
625	Ólafsfjörður	345	22	367
650	Laugar	57	6	63
660	Mývatn	130	22	152
670	Kópasker	55	16	71

675	Raufarhöfn	100	33	133
680	Þórshöfn	140	14	154
690	Vopnafjörður	208	19	227
710	Seyðisfjörður	290	42	332
730	Reyðarfjörður	518	78	596
735	Eskifjörður	446	26	472
740	Neskaupstaður	551	66	617
750	Fáskrúðsfjörður	255	15	270
755	Stöðvarfjörður	98	20	118
760	Breiðalsvík	62	20	82
765	Djúpivogur	115	13	128
780	Höfn	556	51	607
806	Selfoss	383	310	693
815	Þorlákshöfn	560	85	645
870	Vík	125	58	183
880	Kirkjubæjarklaustur	82	15	97
		10,624	1,734	12,358

B-2

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
116	Reykjavík	165	11	176
161	Reykjavík	6	11	17
162	Reykjavík	79	189	268
191	Vogum	24	45	69
206	Kópavogur	4	10	14
241	Grindavík	14	72	86
246	Sandgerði	29	17	46
251	Garði	23	35	58
271	Mosfellsbæ	104	30	134
276	Mosfellsbæ	73	24	97
301	Akranes	229	74	303
320	Reykholt	135	14	149
341	Stykkishólmur	23	3	26
342	Stykkishólmur	40	4	44
351	Grundarfjörður	28	6	34
356	Snæfellsbær	60	11	71
371	Búðardalur	133	16	149
380	Reykhólahreppur	47	10	57
381	Reykhólahreppur	47	6	53
401	Ísafjörður	18	4	22
416	Bolungarvík	5	0	5
426	Flateyri	15	0	15
431	Suðureyri	5	0	5
451	Patreksfjörður	35	10	45
461	Tálknafjörður	8	0	8
466	Bíldudalur	7	1	8
471	Þingeyri	19	0	19
500	Staður	52	4	56

511	Hól mavík	45	5	50
512	Hól mavík	12	0	12
520	Drangsnes	40	7	47
524	Árneshreppur	26	2	28
531	Hvammstangi	154	10	164
570	Fljót	24	8	32
581	Siglufjörður	1	0	1
616	Grenivík	25	7	32
621	Dalvík	171	9	180
626	Ólafsfjörður	5	0	5
641	Húsavík	281	45	326
645	Fosshóll	32	2	34
671	Kópasker	75	15	90
676	Raufarhöfn	5	5	10
681	Pórshöfn	40	5	45
685	Bakkafjörður	40	12	52
686	Bakkafjörður	4	0	4
691	Vopnafjörður	45	7	52
701	Egilsstaðir	238	15	253
711	Seyðisfjörður	5	3	8
715	Mjóifjörður	7	8	15
720	Borgarfjörður eystri	39	12	51
721	Borgarfjörður eystri	15	0	15
731	Reyðarfjörður	3	5	8
736	Eskifjörður	6	1	7
741	Neskaupstaður	22	5	27
751	Fáskrúðsfjörður	19	0	19
756	Stöðvarfjörður	1	0	1
761	Breiðdalsvík	29	11	40
766	Djúpivogur	31	3	34
781	Höfn	126	31	157
785	Öræfi	24	10	34
871	Vík	60	21	81
881	Kirkjubæjarklaustur	98	15	113
		3,175	886	4,061

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
345	Flatey	4	2	6
611	Grímsey	26	10	36
630	Hrísey	58	5	63
		88	17	105

	Heimili	Vinnustaður	Samtals	Hlutfall
Virk	87,633	10,353	97,986	63.6%
Óvirk	48,051	7,939	55,990	36.4%
	135,684	18,292	153,976	100%

Viðauki 2/2023

Óvirk markaðssvæði - alþjónustuskylda

pakkar undir 10 kg innanlands

B-2

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
116	Reykjavík	165	11	176
161	Reykjavík	6	11	17
162	Reykjavík	79	189	268
191	Vogum	24	45	69
206	Kópavogur	4	10	14
241	Grindavík	14	72	86
246	Sandgerði	29	17	46
251	Garði	23	35	58
271	Mosfellsbæ	104	30	134
276	Mosfellsbæ	73	24	97
301	Akranes	229	74	303
320	Reykholt	135	14	149
341	Stykkishólmur	23	3	26
342	Stykkishólmur	40	4	44
351	Grundarfjörður	28	6	34
356	Snæfellsbær	60	11	71
371	Búðardalur	133	16	149
380	Reykhólahrepp	47	10	57
381	Reykhólahrepp	47	6	53
401	Ísafjörður	18	4	22
416	Bolungarvík	5	0	5
426	Flateyri	15	0	15
431	Suðureyri	5	0	5
451	Patreksfjörður	35	10	45
461	Tálknafjörður	8	0	8
466	Bíldudalur	7	1	8
471	Þingeyri	19	0	19
500	Staður	52	4	56
511	Hólmavík	45	5	50
512	Hólmavík	12	0	12
520	Drangsnes	40	7	47
524	Árneshreppur	26	2	28
531	Hvammstangi	154	10	164
570	Fljót	24	8	32
581	Siglufjörður	1	0	1
616	Grenivík	25	7	32
621	Dalvík	171	9	180
626	Ólafsfjörður	5	0	5
641	Húsavík	281	45	326
645	Fosshóll	32	2	34

671	Kópasker	75	15	90
676	Raufarhöfn	5	5	10
681	Þórshöfn	40	5	45
685	Bakkafjörður	40	12	52
686	Bakkafjörður	4	0	4
691	Vopnafjörður	45	7	52
701	Egilsstaðir	238	15	253
711	Seyðisfjörður	5	3	8
715	Mjóifjörður	7	8	15
720	Borgarfjörður e	39	12	51
721	Borgarfjörður e	15	0	15
731	Reyðarfjörður	3	5	8
736	Eskifjörður	6	1	7
741	Neskaupstaður	22	5	27
751	Fáskrúðsfjörðu	19	0	19
756	Stöðvarfjörður	1	0	1
761	Breiðalsvík	29	11	40
766	Djúpivogur	31	3	34
781	Höfn	126	31	157
785	Öræfi	24	10	34
871	Vík	60	21	81
881	Kirkjubæjarklaí	98	15	113
		3,175	886	4,061

A-4-a

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
801	Selfoss	110	90	200
803	Selfoss	292	241	533
804	Selfoss	254	203	457
805	Selfoss	145	136	281
816	Ölfus	153	40	193
820	Eyrarbakki	190	16	206
825	Stokkseyri	171	10	181
840	Laugarvatn	71	40	111
845	Flúðir	171	20	191
846	Flúðir	122	15	137
850	Hella	315	39	354
851	Hella	341	38	379
860	Hvołsvöllur	403	37	440
861	Hvolsvöllur	280	25	305
		3,018	950	3,968

A-4-b

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
311	Borgarnes	374	45	419
		374	45	419

A-4-c

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
601	Akureyri	6	2	8
604	Akureyri	177	16	193
605	Akureyri	369	72	441
606	Akureyri	136	19	155
607	Akureyri	44	7	51
		732	116	848

A-4-d

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
540	Blönduós	327	30	357
541	Blönduós	153	6	159
545	Skagaströnd	177	10	187
546	Skagaströnd	19	1	20
551	Sauðárkrúkur	177	30	207
560	Varmahlíð	45	7	52
561	Varmahlíð	193	28	221
565	Hofsós	58	13	71
566	Hofsós	35	10	45
		1,184	135	1,319

Póstnúmer	Staður	Heimili	Vinnustaður	Samtals
345	Flatey	4	2	6
611	Grímsey	26	10	36
630	Hrísey	58	5	63
		88	17	105